

Fréttabréf

September 2003 - 2. tölublað - 6. árgangur

Hallveigarstíg 1, 101 Rvk. - sími 520-1500

Íbúðir afhentar að Þórðarsveig 1-5



*Borgarstjóri
ávarpaði gesti*


salur sem hægt er að nýta sem þjónustueiningu og félagsaðstöðu.

Húsið er ætlað fyrir aldraða og hreyfihamlað fólk og var við hönnun þess haft að leiðarljósi að íbúar geti búið þar sem lengst. Þannig er hægt að komast um allt innandyra í hjólastól en engar tröppur eru í húsinu eða á lóð og hiti er í öllum stígum og inngöngum.

Framkvæmdir 2004

Á undanförunum árum hafa Félagsbústaðir ráðist í a.m.k. eina stóra viðhaldsframkvæmd á ári. Nú er hafinn undirbúningur að helstu framkvæmdum ársins 2004. Gert er ráð fyrir að þá verði ráðist í verulegar endurbætur á tveimur húsum; Jórufell 2-12 og Unufell 44-46.

Vinna að framkvæmdaáætlun ársins 2004 mun hefjast í næsta mánuði. Nánar verður greint frá þessum framkvæmdum í síðari fréttabréfum og á heimasíðu Félagsbústaða.



Verktaki er Mótás hf. en samningur um byggingu hússins var undirritaður 24. september 2002 og var það ásamt lóð afhent fullbúið 23. júlí s.l. með viðhöfn. Margir góðir gestir mættu á afhendinguna s.s. Þórólfur Árnason borgarstjóri, félagsmálastjóri, borgarfulltrúar, verk-takar, starfsmenn Félagsbústaða ofl.



Nýju íbúðirnar eru glæsilegar í alla staði

Spurt & Svarað á www.felagsbustadir.is

Á nýrri heimasíðu Félagsbústaða, www.felagsbustadir.is, verður bráðlega bætt við síðu sem nefnist *Spurt & Svarað*. Þar er að finna algengar spurningar varðandi Félagsbústaði og stutt svör við þeim ásamt tenglum til nánari upplýsinga. Vonandi verður þetta viðskiptavinum til gagns og gamans.

Þá er einnig sú nýjung að hægt er að nálgast *Fréttabréfið* í tölvutæku formi á heimasíðunni og er það geymt undir valflokknum *Fréttir*.

www.felagsbustadir.is

Brunavarnir að Meistaravöllum 19-29

Fyrir í sumar lauk framkvæmdum við úrbætur á brunavörnum í stigahúsum að Meistaravöllum 19-29. Er þetta gert í samræmi við stefnu Félagsbústaða hf. um auknar öryggiskröfur í húsum sínum og unnið út frá skýrslu Línuhönnunar hf um Úrbætur brunavarna – í fjölbýlishúsum Félagsbústaða frá október 2002.

Í fyrsta áfanga verksins var m.a. fjölgað opnanlegum gluggum í stigahúsi, rör í þaki einangruð, lagnaloft í kjallara gipsklædd, brunaeinangrað kringum sorpennur ofl. Það var Skjólverk afh. sem annaðist framkvæmd verksins og gekk samstarfið vel. Félagsbústaðir þakka skilning og

þolinmæði íbúa vegna framkvæmdanna en verkið er unnið í þágu beggja aðila.



Félagsbústaðir hafa haft frumkvæði að því að bæta brunavarnir í húsum sínum á síðustu árum. Nú þegar hafa miklar endurbætur verið gerðar á Írabakka 2-12, Austurbrún 6 og Kleppsvegi 66-76 svo dæmi séu tekin. Stefna Félagsbústaða er að gera enn meira og betur á komandi árum, vera til fyrirmyndar í brunavörnum og uppfylla nútíma kröfur um öryggi.

Hringbraut 121

Nú er lokið smíði 12 íbúða í bakhúsinu að Hringbraut 121 (bak við Nóatúnsbúðina) og fluttu fyrstu íbúarnir inn í byrjun september. Þarna var á árum áður til húsa vikurplötuframleiðsla á vegum Jóns Loftssonar hf. en nú hefur húsið sem sé fengið nýtt hlutverk. Íbúðirnar eru allar tveggja herbergja og 48-54 fm að stærð auk sameignar og á hluta þaksins verður aðstaða fyrir útiveru íbúa.



Það er Borgarafl afh. sem annast framkvæmd verksins. Ljóst er að þegar þetta hús er fullfrágengið verður það talsverð andlitslyfting fyrir umhverfið og enn á ásýnd þessa svæðis eftir að batna þegar Lýsi hf. flytur þaðan starfsemi sína.

Öryggismál

Til að hamla gegn spjöllum á sameign og til að auka öryggi íbúa hússins hefur verið tekin upp rafræn vöktun með sjálfvirkri myndbandsupptökuvél á nokkrum stöðum í húseignum Félagsbústaða. Stendur til að fjölga slíkum vélum í fleiri húseignum ef þess gerist þörf. Með upptökur verður farið sem trúnaðarmál og þeim verður eytt strax og þeirra er ekki lengur þörf í öryggis- og eignavörsluskyni. Upptökur verða ekki afhentar neinum nema lögreglu í upplýsinga- og rannsóknarskyni og til framlagningar í dómsmáli.



Vöktun þessi byggir á heimild í 2.mgr. 9.gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þessar aðgerðir leiða vonandi til betri umgengni í framtíðinni og vistvænna umhverfis í húseignum Félagsbústaða.

Símatímar Félagsbústaða

Þjónustudeild - kl. 8:30- 10:00 í síma 520-1500 alla virka daga.

Innheimtustjóri - kl.11-12:00 í síma 520-1500 alla virka daga.

Bilanatilkynningar - kl.13-15:00 í síma 557-9664 alla virka daga.

Útgefandi: Félagsbústaðir hf.

Hallveigarstíg 1, 101 Rvk.

S: 520-1500 Fax: 520-1516

Upplag: 1600 eintök

Ábyrgðarmaður:

Sigurður Kr. Friðriksson

www.felagsbustadir.is